

## Storytelling (Árni Jósteynsson fyrir [www.ohu.is](http://www.ohu.is) 21 október 2017)

Hugtakið storytelling er meðal helstu tískuhugtaka á sviði stjórnumarfræða í nútímanum. Þetta er notað á mörgum sviðum atvinnurekstrar og líklega þekktast í auglýsingum og markaðssetningarbransanum. Hver man sem dæmi ekki eftir íslenska hjúkrunarfræðingnum sem ekki kemst heim um jólin í auglýsingu Icelandair, Helga í Góu eða Kára Stefánssyni sem persónugerfingi Íslenskrar erfðagreiningar. Storytelling hefur einnig verið notað þegar unnið er með fyrirtækjamenningu, unnið er á sviði stjórnmála, í samtalsmeðferðum o.m.fl. Í þessum greinarskrifum verður á hinn bóginn leitast við að gera nokkra grein fyrir storytelling sem afar verðugu verkfæri í vinnuverndar- og öryggisstarfi fyrirtækja.

Rétt er undirstrika strax frá byrjun að storytelling eða notkun sagnatækni er þó ekki neitt nein sérstök nýjung því við Íslendingar erum jú kölluð sagnabjóð á tillidögum – hér fylgir smá sagnabrot:

*„Það snarkaði vinalega í eldstæðinu og kertaljósín vörpuðu skemmtilegri birtu yfir baðstofuna þar sem allt heimilisfólkið hafði safnast saman þetta sunnudagskvöld síðla ágústmánúðar árið 1563 á bænum Hörðsdal. Bærinn var dæmigert heiðarbýli, stóð hátt uppi á lyngvaxinni heiðinni, nokkuð afskekt og heimilsmenn höfðu hvorki séð til sveitunga sinna né annars fólks síðan um miðjan júlímánuð.*

*Það var sem einskonar andakt svifi yfir vötnum þetta síðdegið í baðstofunni enda hafði þetta verið mjög gjöfoll dagur, það hafði verið sól og léttur andvari svo heyið hafði þornað hratt og vel. Heimilisfólkið hafði unnið hörðum höndum allan daginn að koma heynu í hús. Nú var því verki lokið og heimilismenn að ljúka við að næra sig og húsfreyjan að undirbúa að hefja hefðbundinn húslesturinn.*

*Allt í einu var barið að dyrum, þrú bilmings högg og nú var sem færðist nýtt líf í heimilisfólkið sem annars var þreytt eftir gott dagsverkið. Yngsta heimasætan á bænum hljóp nú niður á jarðhæðina og opnaði fyrir komumanni og fylgdi honum upp í baðstofuna á efri hæðinni.*

*Nei, sæl og blessuð heillin ávarpaði húsfreyjan Guðrúnu Helgadóttir sem þarna var komin en konan sú var nú oftast kölluð förumaður sveitarinnar“*

Með ofngreindu sagnabroti var reynt að gefa einskonar „skjaskot“ úr sögu íslenskrar menningar þ.e. frá þeirri tíð þegar engir voru gemsarnir, sjónvarpið, útvarpið, heimasímarnir og bækur fáar og fágætar. Á þeim tímum kunnu ekki allir að lesa og þá var ein helsta skemmtan- og fróðleiksuppspretta fólks að hlusta á húslestra – eða það sem var ennþá betra, að fá heimsókn förumanna og kvenna sem ferðuðust um og fluttu með sér fréttir frá fjarlægum svæðum eða skemmtu fólki með sögum, ljóðum, eftirhermum, tónlist o.s.frv. Sumir þessara förumanna urðu landskunnir skemmtikraftar í sínum tíma og má t.d. nefna Sölva Helgason, Ingimund Sveinsson (Ingimundur fiðla, bróðir Jóhannesar Kjarvals) og Guðmund Árnason (Gvendur Dúllari).

Þá mætti nefna hina rómuðu sétt landpósta sem fóru um héruð frá því skömmu fyrir aldamótin 1800 og fluttu með sér fregnir – og svo má ekki gleyma að minnast á „Vistarbandið“ en um þá áhugaverðu veröld hefur m.a. Birna Kristín Lárusdóttir skrifað meistaraprófsritgerð (2011) sem aðgengileg er á internetinu – smá brot úr þeirri ritgerð fylgir hér:

*“Lengi vel fékk fólk að flakka og ferðast að vild án þess að miklar hömlur væru settar á ferðir þess. Þeir sem eru vel að sér í Íslendingasögunum muna eftir göngumönnum og stafkörlum sem fóru um landið á þjóðveldisöld. Göngukonur í Laxdælasögu og Brennunjálssögu eru*

minnisstæðar ekki síst fyrir hverju orð þeirra komu til leiðar. Fólk af alþýðustétt, sem átti ekki jarðnæði, var ekki nauðbeygt til að vista sig sem hjú hjá bændum heldur mátti það vera lausamenn, var sem sagt ekki bundið við ársvistir. Fólk gat ráðið sig hjá þeim sem það vildi og ferðast um landið að vild í atvinnuleit.

Seinna var landeigendum og ráðandi stéttum mikið í mun að ná í ódýrt vinnuafli og leituðu allra leiða til að þrengja að frelsi þessa fólks. Alltaf var verið að gefa út nýjar og nýjar tilskipanir sem allar snérist um að afnema þennan rétt alþýðufólks og leggja á það svokallað „vistarband“, sem fólst í að allir sem ekki voru búendur urðu að ráða sig í vist, minnst eitt ár í einu, og var sérstakur dagur „vinnuhjúaskildagur“ sem ávallt bar upp á Krossmessu að vori, sá dagur sem ráðning og ársvistir vinnufólks miðuðust við. Þess utan gat fólk ekki skipt um vistir. Undir lokin gátu aðeins þeir sem efnaðir voru keypt sig undan vistarbandinu, með svo kölluðu lausabréfi, konur voru fáar í þeim hópi lengst af.

Árið 1746 kom út enn ein tilskipunin um vinnuhjú, sem nefnd hefur verið húsagatilskipunin og með henni varð vinnufólk ofurselt valdi húsbænda sinna, sem gátu tyftað hjú sín að vild. Bændur óttuðust það fólk sem tók sér sjálfðæmi, fór sinna eigin ferða og reyndi að brjóta undan vistarbandinu. Ströng viðurlög lágu við flakki, og oftast en ekki var flökkurum refsað með húðstrýkingu, höggin fóru eftir hve alvarleg brotin voru metin hverju sinni. Ekki þótti þetta nægjanlegt því gapastokkar áttu að vera á kirkjustöðum og við heimili embættismanna til að hegna letingjum, lausagöngurum og óhlýðnu vinnufólki. Einnig gátu forráðamenn barna látið setja þau í gapastokkinn ef þau voru óþæg’.

Þó forvitnilegt sé að ryfja upp hvernig sögur og frásagnalist hefur leikið mikilvægt hlutverk í sögu okkar Íslendinga þá getur ekki síður verið áhugavert að ígrunda mikilvægi þessa í forsögulegu samhengi. Sögur hafa alltaf fylgt mannskepnunni og elstu forfedur okkar sögðu sögur með því að teikna á veggjum hellanna sem þeir bjuggu í. Grísku goðsögurnar og kviður Hómers eru líka vel þekktar lærdómsuppsprettur sem kenna áheyrendum hvernig eigi að haga sér – og svo eru það náttúrulega sjálf biblían. Því hefur einnig verið haldið fram lengi að mannskepnan hafi fyrst aðskilið sig frá dýrunum þegar hún byrjaði að segja sögur, ævintýri og lygasögur. Þess má til gamans geta að metsölurithöfundurinn og sagnfræðingurinn Yuval Noah Harari tekur þetta líka fyrir í metsölubókinni *Sapiens: A Brief History of Humankind*.

### Dead Men Tell No Tales – Safety Storytelling

Notkun Storytelling í vinnuverndar- og öryggisstarfi hefur ekki sést mikið í skrifum hérlendis til þessa en sést í stöðugt vaxandi mæli í erlendum bóka- og greinaskrifum. Hér verður fyrst dregið niður fæti í greinaskrifum eftir Kevin Jones „Dead Men Tell No Tales – Safety Storytelling“ frá 11 mars 2015 og birt eru á [www.SafetyAtWorkBlog.com](http://www.SafetyAtWorkBlog.com)

Greinaskrif Kevins voru samin fyrir kynningu á ráðstefnunni Safety Asia Summit in Kuala Lumpur og miðuðu að því að minna ÖHU (Öryggis-, Heilsu- og Umhverfis) fulltrúana á ráðstefnunni á að þeir byggju líklega þegar yfir hæfninni sem þeir gætu nýtt til að koma miðlun öryggisþátta á framfæri við áheyrendur sína eða starfsmenn og verktaka.

Kevin hefur greinaskrifin á að minna okkur á að allir menningarhópar eiga sér sögur og að sögur hafa verið drotnandi aðferð við kennslu gegnum aldirnar – en að við höfum verið að missa nokkuð af meðfæddri frásagnahæfni okkar og/eða virðumst alla vega ekki sjá hvernig sú hæfni gæti nýst á vinnustaðnum. Kevin telur að ÖHU fagfólk geti haft ávinning af því að endurþróa slíka hæfni og ýta undir slíka hæfni hjá öðrum. Sögur geti orðið grunnur að kennslu, hlustun og sérhæfðri ÖHU ráðgjöf.

Fólk í viðskiptaheiminum talar oft um „söguna“ án þess að meta flækjustig frásagnanna að verðleikum eða aflið í storytelling. Hér fylgja tvær tilvitnanir í sögur sem Kevin tók úr markaðssetningarbók:

*“The story is what drives the bond between the company and the consumer.”*

*“Stories can be used to communicate visions and values, to strengthen company culture, to manage the company through change and to share knowledge across the organisation.”*

Það er nokkur sannleikur í þessum tilvitnunum en tilgangur þeirra grefur nokkuð undan gildi þeirra. Bókin sem tilvitnanirnar koma frá fjallar um storytelling sem branding og auglýsingar þ.e. að ráðskast markvisst með langanir fólks. Markaðssetning og auglýsingar eru reyndar sá geiri þar sem notkun storytelling hefur verið hvað áhrifaríkust þ.e. að ýta undir vörusölu og sölu hugmynda.

Vinnuverndar- og öryggisfagfólkið ásamt almennu starfsfólki hafa sínar eigin sögur að segja og þær sögur eru oft öflugri en aðrar sögur vegna þess að þær eru persónulegar og sannar auk þess að vera sársaukafullar. Kevin Johns dustar rykið af tveim þekktum sögum í byrjun greinaskrifa sinna til að minna okkur á bæði einfaldleika og margslungið innihald frásagna.


### Fable (örsaga með boðskap)

Hér er stutt og víðþekkt saga í hinum vestræna heimi, örsaga með boðskap

*Héri var dag nokkurn að gera grín að hinum stuttu fótum og hægri ferð skjaldbökkunnar, sem svaraði hlæjandi: Jafnvel þó þú værir eins fljótur og vindurinn þá myndir ég samt vinna þig í keppni.*

*Hérinn taldi nú að skjaldbakan væri auðveldur andstæðingur og samþykkti áskorunina strax.*

*Þau ákváðu að refurinn myndi velja hlaupabrautina og setja upp markalínur.*



*Á keppnisdaginn byrjuðu þau saman hlið við hlið í rásmarkinu. Hérinn æddi af stað og skyldi skjaldbökkuna eftir hóstandi í rykskýinu sem hann skyldi eftir. Skjaldbakan stoppaði aldrei eitt andartak heldur hélt áfram hægt og staðfastlega beint í áttina að endamarki leiðarinnar.*


*Þegar hérinn var kominn úr augsýn skjaldbökkunnar settist hann niður við vegarkantinn og féll í fastasvefn. Seint og um síðir vaknaði hann og rauk á stað eins hratt og hann komst í áttina að endamarkinu. Þegar hann kom þangað sá hann að skjaldbakan var komin í markið og var sofandi í þægindum sínum.*

Algengasti boðskapurinn sem tekinn er frá þessari sögu er að þeir sem eru hægir en staðfastir vinna keppnina.

### Parable (dæmisaga)

Dæmisögur (parable) eru sögur sem innihalda líka móralskan boðskap en styðjast við mannfólkið. Dæmisagan að miskunsama samverjanum er líklega meðal þekktustu dæmisagna. Hér er fylgir útgafa:

*Maður var á gangi eftir sveitavegi þegar ræningjar réðust á hann. Þeir rifu vandaðann fatnaðinn utan af honum, börðu hann og skyldu hann eftir á malarveginum blóðugan og hálf dauðann.*



*Maður nokkur átti leið um þennan sama veg og þegar hann sá blóðuga manninn liggja á veginum færði hann sig yfir á hinn vegarkantinn og hélt áleiðis*

*Stuttu síðar átti annar maður leið hjá og þegar hann kom að hinum blóðuga liggjandi manni á götunni færði hann sig yfir á hinn vegarkantinn og hélt sína leið.*

*Næst átti samverji leið framhjá á ferð sinni og þegar hann kom þar að, þar sem maðurinn lá, kenndi hann til með honum. Hann flýtti sér til hans og batt um sár mannsins, hreinsaði sárin með víni og bar á olíu. Síðan setti hann manninn á bak asnans síns og fór með hann á næsta gistihús og sinnti honum.*

Hvernig skyldu þessar tvær sögur síðan geta tengst vinnuverndar- og öryggisstarfi fyrirtækja?

#### Hraði metinn mikilsvert gildi

Í nútímanum er hraði metinn mikils við margskonar aðstæður. Þetta er kjarninn í umræðunum um að framleiðsla hafi meira vægi öryggi. Svo virðist sem nútíma framleiðsluviðmiðanir fórnir öryggi starfsmannanna á kostnað stöðugrar eða hraðari framleiðslu. Oft er þessu ekki þröngvað upp á starfsfólki heldur myndast félagslegur þrýstingur sem hvetur starfsmennina – sumir myndu segja að vinnuafleiðingunni meti peninga meira en eigin öryggi og heilsu – eða umbun frekar en lífsgæði.

#### Skammtíma ávinning frekar en sjálfbærni

Fólk dáist fyrir keppnina af hraða hérans umfram hins hægfara orðspors skjaldbökunnar. Sérfræð-ingarnir í ÖHU mæla oft með Take-5 eða Step-Back aðferðinni áður en menn takast á við verkefni. Slíkar boðskapssögur segja í grunninn að menn eigi ekki að flýta sér, vera iðnir og núvitaðir (vera athugulir) um hvað menn eru að gera.

Á sama hátt þurfa ÖHU stjórnendurnir að gaumgæfa vandlega möguleikana á sjálfbærum niðurstöðum frekar en skammtíma reddingum sem redda kannski engu til lengri tíma og gætu jafnvel aukið áhættuna til skemmri tíma.

#### Skyndireddingar eða strategía

Hérinn var líkamlega fljótur en skjaldbakan var kænni. Þetta gæti verið birtingarmynd um að betur vinni vit en strit – sem er þekkt hugtakanotkun hjá ÖHU fagfólki einkum varðandi líkamsbeitingu.

Allar faggreinar þ.m.t. öryggissérfræðingarnir vinna út frá ákveðnum þekkingargrunni. Löggjafinn telur þekkingu á hættum sem mikilsvert viðmið til að vinna með stýringu á hættum. Skjaldbakan virðist hafa búið yfir meira þekkingarstigi en hérinn

#### Duty of Care (umhyggjuskylدان)

Dæmisagan um miskunsama samverjann er á margan hátt einfaldari saga þar sem hún endurspeglar einn lykilþátt í svo miklu af vinnuverndarlöggjöfinni – umhyggjuskylðunni.

Umhyggjuskuldán (duty of care) er lagalegt hugtak en líka hugtak sem endurspeglar siðalögmálið um miskunsemi. Samkvæmt almennu hegningalögunum 19/1940 og vinnuverndarlögunum 46/1980 er kveðið á um eftirfarandi:

Í 221. gr. Laga 19/1940 segir - Láti maður farast fyrir að koma manni til hjálpar, sem staddur er í lífsháska, þótt hann gæti gert það án þess að stofna lífi eða heilbrigði sjálfs sín eða annarra í háska, þá varðar það ...<sup>1)</sup> fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

Sömu hegningu skal sá sæta, sem ekki annast um, að neytt sé þeirra þjargarmeðala, sem fyrir hendi eru, til þess að lífga þá, sem líf kann að leynast með, en líta út eins og dauðir, eða viðhefur ekki þær aðferðir, sem boðnar eru þeim til umönnunar, sem lent hafa í skipreika eða öðrum sviðuðum óförum.

Í 26. gr vinnuverndarlaganna 46/1980 (o.fl. greinum) má einnig finna ákvæði í anda umhyggjuskuldunnar. Starfsmenn skulu stuðla að því, að starfsskilyrði innan verksviðs þeirra séu fullnægjandi að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, og einnig að því, að þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru til þess að auka öryggi og bæta aðbúnað og hollustuhætti, samkvæmt lögum þessum, sé framfylgt. - Starfsmaður, sem verður var við ágalla eða vanbúnað, sem leitt gæti til skerts öryggis eða lakari aðbúnaðar eða hollustuhátta, sem hann getur ekki sjálfur bætt úr, skal umsvifalaust tilkynna það öryggisverði, öryggistrúnaðarmanni, verkstjóra eða atvinnurekanda.

Sambærileg krafa gildir fyrir atvinnurekendur – og staðreyndin er að meiri kröfur eru gerðar á grundvelli umhyggjuskuldunnar til atvinnurekenda enda hafa þeir meiri stjórn á atvinnurekstrinum heldur en starfsfólkið. Í dæmisögunni upplifir samverjinn að hann beri umhyggjuskyldu gagnvart mennskum samborgara sínum og veitir hann því hinum rænda samborgara af miskunsemi sinni. Þetta endurspeglar lykilþátt í ÖHU faggreininni.

En hvað þá um hina sem fóru hjá? Sögunni var ætlað að undirstrika einn ákveðinn lærdóm en við getum byggt enn frekar á dæmisögunni og spurt frekari spurninga. Hvað ef samverjinn hefði mætt einum þeirra sem fóru framhjá slasaða manninn, á gistiheimilinu? Hefði Samverjinn átt að segja eitthvað? Þess er jú vænst að ÖHU sérfræðingarnir segi frá ef þeir sjá brot á vinnuverndarlögunum eða tilkynni um vanefni til verkkaupa eða jafnvel beint til vinnuverndaryfirvalda.

Í enfaldaðri útgáfu snýst dæmisagan um að „þú gengur ekki framhjá hættu“. Kevin Johns segist oft hafa upplifað slíkt á byggingavinnustöðum í Ástralíu. Mikilvægi þessarar einföldu kröfu er að ef þú ferð framhjá hættu án þess að bregðast við, sýnir þú öllum öðrum að hættan sé ásættanlegur hluti vinnuferlisins. Slíkt skapar menningu um að umbera áhættu sem er að mati Kevin andstæða umhyggjukröfunnar.

Enn einfaldari útgáfa af sögunni um samverjann gæti verið að “segja frá“ eða „gera eitthvað“. Á mörgum vinnustöðum getur slíkt verið erfitt í framkvæmd en það er lykilatriði í ÖHU starfinu að hættur séu meðhöndlaðar eða lagfærðar og slíkt getur snúist um að upplýsa yfirmann/konu um slíkt vegna þess að menn þarfnast aðstoðar þeirra við að takast á við hættuna.

Svona sögur hafa verið til staðar í aldir en mikilvægi þeirra þeirra viðhelst vegna þess að þær fást við grunnleggjandi mannleg gildi. En hvað um nýjar sögur? Það samsama sig ekki allir draumkenndum kanínum eða manni á ferð um fáfarinn sveitaveg.

### Allar sögur upplýsa og kenna

Það þarf að finna sögur sem kenna fólkinu okkar, starfsmönnum og stjórnendum að hættur eru til staðar og það er hægt að ráða við þær.

Í rannsóknarniðustöðum frá 2011 hjá rannsóknaraðilum við Fjöltækniháskólann í Hong Kong (Hong Kong Polytechnic University) varðandi story telling í byggingarbransanum kom fram að:

*“... studying stories and storytelling is a cross-disciplinary endeavour which encompasses individual cognition, narrative theory, leadership, organisational change, organisational learning, human communication in general, organisations and management. “*

Við ofangreindan lista myndi Kevin Jones bæta bæta „menningu“

Fræðimennirnir uppgvötuðu að sögur

- „...hjálpa fólki að að muna mikilvægar staðreyndir...“
- „...sem hafa áhrif á skipulagsheildir sem geta útvíkkað áhrifin út í samfélagið...“ og
- eru á formi sem hvetur fólk til að láta sögurnar ganga.

Næstum því, lá við, hér um bil....

Ein helst mælinganna á frammistöðu í ÖHU er fjöldi dauðsfalla sem gerist á á vinnustöðum – en staðreyndin er að menn geta lært mikið minna af dánunni heldur en þeim sem eru lifandi. Það er m.ö.o. gagnlegra að tala við starfsfólkið sem komst af í kjölfar atvika á vinnustöðum þ.e. næstum því atvikin.

Kevin Jones ræðir í grein sinni nokkuð um Ástralán Theo Venter sem er einn fárra sem hafa komist lifandi frá snertingu við háspennu – meðan hann vann sem línumaður. Saga Theo er margbrotin og nær í grunninn til áhrifa á Theo sjálfan, fjölskyldu hans og til vinnufélaganna sem voru í körfunni meða honum þegar atvikið varð. Í stuttu máli þá slitnaði upp úr hjónabandi Theo í kjölfar slyssins, þá þurfti hann að hafa mikið fyrir að endurbyggja tengslin við börnin og svo gerðist það að margir vinnufélaganna hættu störfum í kjölfar slyssins.

Ein margra ónýtttra uppspretta öryggisupplýsinga og sagna eru næstum því atvikin sem sumir kalla líka lá- við eða bjargaðist. Þessi atvik eru sjaldan rannsökuð jafnvel þó upplýsingabrunnur slíkra atvika sé mikið meiri heldur en ef næstum atvikið hefði orðið dauðaslys.



*Maður lærir mun minna af dánunni einstaklingi en lifandi!*

Kevin Jones segir muninn á næstum því atviki og dauðslysi geta verið sekúndubrot en að fyrirtæki telji slíkan tímamun næga réttlætingu til að aðhafast ekkert gagnvart lærdómsmöguleikanum sem felst í næstum atvikum. Þetta má að hluta rekja til þess að enginn færir röksemdirnar fyrir slíkum rannsóknum.

Rannsókn næstum atvika snýst um að ræða beint við starfsmennina sem komu við sögu og afla þannig bestu mögulegu upplýsinga. Rannsóknarferlið sendir líka starfsfólkinu skilaboð að stjórnendur séu algerlega skuldbundnir öryggismálunum og teigi sig langt í forvarnarstarfinu.

Rannsóknarferlið skapar líka „öryggissögur“ sem eru sértækar fyrir starfsfólk og vinnustaðinn sem á hlut að máli. Þetta er ómetanleg uppspretta öryggissagna til að styðja örugga framkvæmd vinnunnar og gefur mikilvægar upplýsingar í gagnagrunn mögulegra slysaatvika sem miðla má til

æðstu stjórnenda sem hvatningu til að þrýsta á ÖHU málin og hvetja til skilvirkrar verkstjórnunar hjá fyrirtækinu.

Ýmindið ykkur þá sviðsmynd að geta við lok mánaðar sent ÖHU tölfræði til æðstu stjórnenda sem væru eitthvað á þessa leið:

*„Hér fylgir mánaðarlega tölfræðin um fjölda öhu atvika hjá okkur í liðnum mánuði.  
Og hér fylgir síðan endurskoðuð tölfræði ef við tökum öll næstum atvik með í reikninginn“*

Hvor sviðsmyndin skyldi nú gefa fyrirtækinu nákvæmari upplýsingar um öryggið á vinnustaðnum?

### Uppbygging á sögum

Saga getur bæði skemmt manni, hreift við manni og upplýst á sama tíma. Þetta gerir storytelling að að öflugugri uppsprettu fyrir þróun og breytingar. Það að segja frá daglegum athöfnum þannig að hlustendurnir fylgist með er handverk sem allir geta lært. Mörgum verður vissulega á að hafa alltof mörg smáatriði með þannig að sagan verður löng og leiðinleg. Frásögn krefst smáatriða en þó eiga ekki öll atriði að fylja með. Gefa þarf náinn gaum þeim smáatriðum sem gefa sögunni líf og passa að hafa þau með.

Það fyrirfinnst ekki nein einhlýtt uppskrift af því hvað gerir sögu betri en aðrar sögur. Það mikilvæga er að sagan nái að uppfylla það sem aðstæðurnar krefjast hverju sinni. Kevin Jones dregur eftirfarandi fram í greinaskrifum sínum:

- Þú þarft að þekkja áheyrendurna þína
- Hafa skýr markmið
- Fjarlægja það sem skiptir ekki máli
- Láta deilu/álitiaefni koma við sögu
- Höfða til tilfinninga áheyrendanna

Það er mjög öflugt að hafa first-hand sögur um slysaatvik – en auðvitað viljum við helst ekki hafa of mörg slík tilvik þar sem þau snúast öll um mikinn sársauka og andleg áföll. Við eigum á hinn bóginn öll sögur jafnvel þó við höfum ekki verið slasaði að ilinn.

Einfaldur sögustrúktúr er

- Álag (hvað er áhættusamt)
- Deilur/árekstrar
- Úrlausn

Sem í vinnuverndasamhengi mætti lýsa sem

- Hætta
- Áhætta
- Stýring

Í ennpá einfaldaðri útgáfu mætti kannski orða þetta

- Finnið
  - Metið
  - Lagið
- (Finnið hættu, metið áhættuna og eyðið síðan áhættunni)


Ef menn geta samþykkt þessa einföldun sögubyggingar varðandi stýringu hættu (þriggja-þrepa saga) geta menn samið sögur út frá nánast öllum öryggisupþákomum á vinnustaðnum. Hér fylgir dæmi:

„Nýlega var ég á eftirlitsferð á byggingavinnustað í Reykjavík ásamt trésmið á staðnum sem heitir Vignir. Þetta var á þriðjudagsmorgni í frekar drungalegu og votviðrislegu sumarveðri sumarið 2017. Þegar við gengum þarna eftir malarborinni merktri gönguleið rak Vignir tærnar í stórgrítishorn sem stóð lítillaga upp úr yfirborði gangstígsins og þurfti að baða út höndum til að halda jafnvæginu. Ég spurði Vigni trésmið hvort þetta væri ekki óheppileg misfella á gönguleiðinni og hann samsinnti því, tók upp síma og hringdi í verkstjóranum á staðnum, sem bað okkur að merkja staðinn því hann ætlaði að senda gröfumann eftir nokkrar mínútur að laga þetta“.

Þetta er ekki sérstaklega áhugaverð saga og ég skreytti frásögnina með veðurlýsingunni til að skapa smá andrúmsloft í tengslum við atvikið – en þetta er saga – saga um öryggi á vinnustað sem byggir á þriggja þrepa uppbyggingunni.

Í hinum áhugaverðu greinaskrifum Kevin Jones „Dead Men Tell No Tales – Safety Storytelling“ sem finna má á <https://safetyatworkblog.com> sem hér er stuðst við í miklum mæli skrifar höfundurinn um áhugavert framtak Hong Kong Department of Labour en sú stofnun hefur tekið saman mikla uppsprettu mögulegra frásagna af dauðaslysum við vinnu sem byggja á greiningu dauðaslysa þar í landi. Gögnin eru á [http://www.labour.gov.hk/eng/public/content2\\_8d.htm](http://www.labour.gov.hk/eng/public/content2_8d.htm) og eru opin öllum án gjaldtöku.

Eitt dæmanna úr hinum áhugaverða gagnabanka er frá niðurrifi á steinvegg sem fór illa. Þess skal getið að það fylgir teiknuð skýringamynd og textalýsing hverju tilviki í gagnabankanum.



#### Scenario:

A contractor was appointed to demolish an unauthorized structure on the roof of a residential building. During the demolition, a worker was breaking a brick wall with a portable electric concrete breaker. The wall suddenly collapsed and struck the worker. Unfortunately, he was fatally trapped between the collapsed brick wall and a parapet nearby.

#### Case Analysis:

The brick wall to be demolished was undermined before the accident in that more than half of its footing had been removed. The contractor planned to pull down the wall with a rope. A hole was found on the collapsed wall. Its diameter matched with the diameter of the bit of the portable electric concrete breaker found on the site. It was believed that the deceased person was trying to break the wall with an electric concrete breaker. The stability of the undermined brick wall was thus overcome by the external force and collapsed as a result. There was no risk assessment conducted before the demolition work. The undermined brick wall was left unattended and no temporary structure was



erected to support it. The surrounding area was not fenced off and there was no warning notice posted. The deceased person was not provided with any safety information, instruction, training and supervision.

Lessons to Learn:

- A safe system of work should be developed for the demolition of the brick wall. Top down demolition method should be adopted.
- Places liable to be dangerous should be clearly demarcated and fenced off. No person should enter the area without prior permission.
- Temporary support should be used to stabilize the brick wall being demolished. Warning notice should be conspicuously posted if it is left unattended.
- Sufficient information, instruction, training and supervision as may be necessary to ensure safety at work should be provided to the workers.

Það eru töluverðar líkur á að áheyrendur muni frekar söguna heldur en tilgreindu lærdómsatriðin ein og sér. Líkur eru á að þó einhver smáaðtriði í sögunni gleymist með tímanum þá muni sögumaðurinn samt muna nægilega mikið af sögunni til að geta notað hana sem grunn að samræðum um öryggismál. Að lokum skal nefnt að gagnabankinn inniheldur sögur frá fjölda atvinnugreina.

Kevin Jones skrifar í grein sinni að frásagnir að dauðsföllum við vinnu og áhrifum þeirra séu sjaldgæfar – slíkt sé reyndar oft tekið saman en þá venjulega bara sem hluti af sorgarferli og löngun til þess að halda minningu hins látna á lofti. Undir lok hinnar áhugaverðu greinar vitnar Kevin Jones síðan í fororð bókarinnar „til death us do part“ eftir Elisabeth Horvath Mobayad en þar skrifar John Bottom eftirfarandi:

*“...are an ongoing reminder that our most enduring myth is a lie. Our culture declares that hard work is the means to wealth, or well-being, and personal happiness. But in these accounts you will see that it is the hard workers who are killed. The truth of the matter is that people are killed by their work. And so to protect the myth that underpins our society's view of the path to happiness, industrial deaths are swept under our collective carpet. The dead are blamed for their own deaths! We turn away from the bereaved and ignore them so we can continue to believe the cultural myths about economic and personal progress.”*

Rétt er að hafa í huga að dauðaslys á íslenskum vinnumarkaði eru fá og við yrðum seint fróðari ef við horfðum bara til dauðaslysanna. Sama á einnig við um árlegan fjölda vinnuslysa sem leiða til fjarverudaga – því er svo mikilvægt að virkja starfsfólk í að tilkynna um næstum því atvikin.

### Margaret Parkin – Tales for Coaching

Einn þeirra fræðimanna sem hafa skrifað áhugaverðar bækur um storytelling með vinnu-umhverfismál í huga er metsölurithöfundurinn og markþjálfann Margaret Parkin. Í bók hennar Tales for Coaching eru sem dæmi 50 stuttar dæmisögur sem hægt er að nota sem innblástur að fræðandi samræðum á vinnustað.

Ein sagnanna í bókinni er frá „Aesop's fables“ en Aesop er eins og Hómer þjósagnapersóna sem kannski var til eða kannski ekki. Sögubækur segja að hann hafi verið grískur þræll sem var uppi fyrir daga kristis. Í árána rás hafa sögur hans náð samhljómi sem nálgun við lífið með lærdómi, greind og almennri skynsemi. Í hugum margra er Aesop ennþá „The storyteller“.

### Sagan Í upphafi skyldi endinn skoða

*Refur datt ofan í vatnstank og náði ekki að komast upp úr honum aftur. Seint og um síðir kom þyrst geit aðvífandi og spurði þegar hún sá refinn hvort vatnið væri í lagi. Refurinn greip*

tækifærið og lofsöng gæði vatnsins með allri allri þeirri málsnild sem hann réði yfir – og hvatti geitina til að koma niður til sín. Geitin var svo þyrst að hún stökk niður án þess að hugsa sig tvisar um og drakk fylli sína.

Síðan fóru þessi tvö að ígrunda hvernig þau gætu komist til baka upp úr tankinum. Ég er með góða hugmynd sagði refurinn, það er ef þú vilt gera svolítið til að hjálpa okkur báðum. Ef þú myndir vera svo væn að setja framfæturnar upp á vegginn og halda hornunum beint upp. Þá get ég klifrað upp og dregið þig upp líka.

Geitin var nógu ánægð með þetta og félst á ráðagerðina. Refurinn klifraði fimlega upp á afturpart geitarinnar, upp á herðarnar og síðan hornin og náði þannig að teygja sig upp á brún tanksins og byrjaði að klifra upp. Geitin kvartaði yfir að refurinn hefði svikið samkomulagið en refurinn svaraði því með orðunum „þú hefur fleiri hár í skegginu en heilasellur í höfðinu vinur minn“. Annars hefðir ekki farið niður í tankinn án þess að velta fyrir þér hvernig þú kæmist upp.

Boðskapurinn: taktu þér aldrei neitt verkefni fyrir hendur nema þú getir séð fyrir endan á því!

Til ígrundunar – Notið þessa sögu til að ræða raunhæf markmið, árangursríka áætlanagerð og forgangsröðun og vinnu með öðrum til að ná ákveðnum markmiðum

Á hvaða hátt gætir þú eða einhver sem þú þekkir verið refurinn eða geitin?

Hvernig gætu refurinn og geitin unnið betur sameiginlega?

Hvað er vatnið fulltrúi fyrir sem gæti tælt grunlaust fólk til sín?

Hefur þú tekið þér fyrir hendur verkefni án þess að sjá mögulegar niðurstöður fyrir?

Hver í fyrirtækinu þínu myndi hjálpa við að draga þig upp úr vatnstanknum?

Hverjum værir þú tilbúinn að hjálpa á sama hátt?

## Að lokum

Eitt sinn kom upp deila milli norðanvindsins og sólarinnar um það hvort þeirra væri sterkara.

*Þau sáu nú ferðalang á ferðinni og ákváðu að sannreyna hvort þeirra væri fljótara að ná skikkjunni af honum.*

*Norðanvindurinn byrjaði og sendi trylltan blástur sem samstundis var næstum búinn að losa um skikkjuna; en ferðalangurinn greip styrkri höndu um flikina og hélt henni þétt að líkamanum – svo fast að vindurinn eyddi restinni af kröftum sínum til einskis.*

*Sólin hrakti nú burt skýin sem höfðu safnast saman og beindi heitustu geislum sínum höfði ferðalangsins.*

*Nær örmagna af hita varpaði ferðalangurinn skikkjunni af sér og hljóp í skjól í næsta skugga.*



The wind attempts to strip the traveler of his cloak, illustrated by Milo Winter in a 1919 Aesop anthology.



The sun persuades the traveler to take off his cloak

**The moral – „Gentleness and kind persuasion win where force and bluster fail“**